

Listir og sköpun

Allir nemendur hafa hæfileika til að skapa. Í listum og sköpun fá nemendur tækifæri og svigrúm til að þroska með sér þann hæfileika ásamt því að vinna að áhugasviði sínu og tengja við áhugasvið annara. Þannig ná nemendur að þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og kynnast eigin hæfileikum. Í listum og sköpun er ýmis konar læsi, á menningu, umhverfið, samskipti og fleira. Nemendur kynnast fjölbreyttum leiðum til þekkingaleitar og vinnuaðferða sem nýtist þeim til að efla hæfni sína til að takast á við fjölbreytileika nútímasamfélags. Samvinna er lykilatriði en áhersla er á að einstakir nemendur geti kannað þætti sem vekja áhuga á eigin spýtur þar sem viðfangsefni þeirra verði að lokum hluti af viðfangsefni hópsins.

12

List og sköpun

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Upplýsingaöflun Tjáning og hlustun Samræður Kveikja að viðfangsefni	Námsefnið fer eftir áhugasviði nemanda með stuðningi frá kennara og nemendum	-Fundið styrkleika sína og eftt þá með ýmsum aðferðum -Unnið sjálfstætt og í hóp -Nái að tengja áhugasvið sitt við námið -Að nemandi læri aðferðir til að vinna sjálfstætt	Hópavinna Einstaklingsvinna Samræður Spjaldtölvur Aðferðir byrjendalæsis Hugarkort Sýnikennsla Verkefnavinna
Námsmat	Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		